

Skýrsla

utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál.

Þetta er fyrsta skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál frá því ríkisstjórn Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins tók til starfa í aðdraganda jóla. Í þessu skjali verður dregið á helstu áherslum nýrrar ríkisstjórnar og þróun alþjóðamála frá áramótum. Í fylgiskjali með skýrslunni má svo finna greinargott yfirlit yfir störf utanríkisþjónustunnar á árinu 2024.

Það verður ekki of oft sagt að grunnurinn að sjálfstæði og velferð Íslands liggur í sterku alþjóðakerfi sem byggir á virðingu fyrir mannréttindum, fullveldi og friðhelgi landamæra ríkja og stuðningi við alþjóðalög. Við höfum notið öflugs alþjóðakerfis sem mótaðist og byggðist upp í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar til að efla samvinnu ríkja um frið, frjáls viðskipti og framþróun.

Undanfarið hafa atburðir í alþjóðakerfinu vakið spurningar um grundvallaratriði á borð við öryggi, mannréttindi, virðingu fyrir leikreglum og um frjáls viðskipti. Jafnframt vakna spurningar um stöðu Íslands og hvernig við tryggjum best hagsmuni þjóðarinnar til lengri tíma. Þetta eru spurningar sem við viljum ef til vill helst forðast en við tökumst á við engu að síður, ekki vegna þess að þær eru auðveldar heldur einmitt vegna þess að þær eru erfiðar.

Grimmilegt árásarstríð hefur geislað í Evrópu síðustu þrjú árin þar sem saklaust fólk hefur látið lífið í þúsundatali. Skelfilegur harmleikur fyrir botni Miðjarðarhafs virðist engan endi ætla að taka og tala látinna barna og borgara hækkar með hverjum degi. Þau alvarlegu brot á alþjóðalögum sem þar eiga sér stað eru með öllu óásættanleg og það er þyngra en tárur taki að alþjóðasamfélagið hafi ekki náð samstöðu um að stöðva átökin. Önnur átök víða í heiminum hafa leitt til þess að aldrei hafa verið fleiri á flóttu og þörf fátækustu ríkjanna hefur aldrei verið meiri. Á sama tíma sjáum við róttækan niðurskurð á framlögum til þróunarsamvinnu meðal stærstu framlagaríkjanna.

Alþjóðalög og alþjóðastofnanir sem komið var á fót til að styrkja frið og velsæld í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar eiga undir högg að sækja. Við sjáum hrikta í stoðum viðskiptakerfisins þar sem ríki og ríkjasambönd, jafnvel rótgrónar vinaþjóðir, takast á í tollastríði þar sem enginn er sigurvegari og öll tapa. Sjálfsögð réttindi til að vera og lifa eins og við kjósum virðast sömuleiðis geta horfið á einu augabragði.

Ísland situr ekki hjá á þessum umrótatímum heldur stendur Ísland staðfastlega með friði, frelsi, mannréttindum, opnum viðskiptum og skýrum leikreglum.

Utanríkisþjónustan er framvörður þjóðarinnar í stöðugri og margbreytilegri hagsmunagæslu um varðveislu alþjóðakerfisins og þeirra grunnilda sem það byggir á. Utanríkisráðuneytið vinnur að vörnum og öryggi landsins, markaðsaðgangi fyrir íslensk fyrirtæki um allan heim og varðstöðu um það ferða- og athafnafrelsi sem við njótum á alþjóðavettvangi, hún aðstoðar Íslendinga og íslensk fyrirtæki erlendis og greiðir leið erlendra ferðamanna til Íslands með afgreiðslu vegabréfsáritana í þúsunda tali.

Staðfastur stuðningur við Úkraínu.

Nú eru liðin rúmlega þrjú ár frá því að Rússland gerði allsherjarinnrás á Úkraínu, augljóslega í þeirri von að brjóta landið hratt undir sig og setja undir stjórn Kremlar. Ísland hefur allt frá fyrsta degi innrásarinnar verið samstíga bandalags- og samstarfsríkjum í stuðningi við Úkraínu og tekið virkan þátt í pólitísku samráði og samstöðuáðgerðum, þar á meðal með varnartengdum stuðningi, mannúðar- og efnahagsstuðningi, þátttöku í þvingunaraðgerðum og áherslu á ábyrgðarskyldu Rússlands.

Sumir kunna að vilja líta á landvinningastríð Rússlands í Úkraínu sem stríð tveggja erlendra ríkja sem snertir okkur ekki með beinum hætti. Að Íslendingar eigi hvorki að verja tíma eða peningum í að styðja Úkraínu né standa með öðrum lýðræðisríkjum á alþjóðavettvangi til stuðnings Úkraínu þar sem það getur

valdið óþægindum til dæmis í viðskiptum við Rússland. Alþingi hefur hins vegar tekið hina einu réttu afstöðu; að landvinningastríð Rússlands í Úkraínu sé stríð alræðisstjórnar gegn lýðræðisríki. Stríð sem er í fullkominni andstöðu við alþjóðalög. Stríð sem beinist gegn fullveldi og sjálfsákvörðunarrétti sjálfstæðs ríkis. Stríð sem er skref í átt að frekari ógn gegn öðrum ríkjum og frekari landvinningum Rússlands. Stríð sem er því alvarlegasta öryggisógn sem Evrópa hefur upplifað frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar.

Þannig hefur Alþingi og ríkisstjórn Íslands litið svo á að stuðningur við varnarbaráttu úkraínsku þjóðarinnar sé ekki aðeins stuðningur við eitt ríki sem verst árásum annars ríkis heldur stuðningur við baráttu fyrir alþjóðalögum, fullveldi og sjálfstæði allra ríkja, þar með talið Íslands. Stuðningur við Úkraínu er þannig stuðningur við lýðræði og langtímaöryggi í Evrópu.

Í lok maí á síðasta ári undirrituðu þáverandi forsætisráðherra og forseti Úkraínu tvíhliða samning sem formgerir stuðning Íslands við Úkraínu í samræmi við þingsályktun Alþingis frá apríl sama ár um stefnu um stuðning Íslands við Úkraínu árin 2024 til 2028. Ísland, eins og önnur Norðurlönd og Eyrstrasaltsríkin, er á meðal þeirra 28 ríkja sem undirrituðu slíkan tvíhliða samning við Úkraínu á síðasta ári. Á leiðtogafundi Norðurlandanna og Úkraínu sem fór fram á Þingvöllum síðastliðið haust lagði forseti Úkraínu, Volodómír Selenski, þunga áherslu á aðstoð við úkraínska framleiðslu á hergögnum og öðrum varnartengdum búnaði. Í yfirlýsingu Þingvallafundarins hétu Norðurlöndin áframhaldandi aðstoð eins lengi og þörf krefði, lýstu yfir fullum stuðningi við Úkraínu og ítrekuðu að framtíð landsins lægi í aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Ísland hefur veitt Úkraínu umtalsverðan varnartengdan stuðning sem hófst skömmu eftir innrásinu 2022. Á leiðtogafundi Atlantshafsbandalagsins í fyrrasumar settu bandalagsríkin sér sameiginlegt markmið um umfang þessa stuðnings og leggur Ísland til sitt hlutfallslega framlag í þeim efnum.

Mörg hafa lýst efasemdum og vanþóknun á því að Ísland, friðelskandi þjóð sem hefur ekki eigin her, styðji Úkraínu með fjármunum sem eru notaðir til kaupa á vopnum og skotfærum sem her Úkraínu nýtir til varnar landsins. Þessi viðhorf og gildin sem þau byggja á eru að vissu leyti skiljanleg. Það er hins vegar kaldur veruleiki að án vopna mega Úkraínumenn sín lítils í stríði gegn rússneskum stjórnvöldum sem engu eira og veigra sér ekki við að fórna eigin herliði í árásarstríði sínu. Hrikaleg áhrif grimmdarlegra árása Rússa á almenna borgara og nauðsynlega innviði, skóla og sjúkrahús birtast almenningi ljóslifandi í fjölmiðlum á Íslandi. Hér á landi býr einnig stór hópur fólks frá Úkraínu sem hingað hefur leitað til að búa sér og ástvinum sínum öruggt skjól. Úkraínsku þjóðina dreymir um frið, langvarandi og réttlátan frið, og rétt eins og við eiga þau sér enga ósk heitari en að þessum átökum ljúki svo endurreisn Úkraínu geti hafist. En friður lætur á sér standa. Þrátt fyrir loforð um vopnahlé hefur Rússland hert árásir sínar. Fólk sem ver líf sitt og heimili þarf margs konar stuðning og þau fara ekki í grafgötur með að það sem ríður mest á núna er varnarstuðningur til að geta staðið gegn árásaraðilanum.

Við þessar aðstæður hljóta íslensk stjórnvöld fyrst og fremst að taka mið af þörfum úkraínsku þjóðarinnar, fremur en okkar eigin sjálfsmynd. Þess vegna hljótum við að virða óskir Úkraínu um að fá stuðning sem þau geta nýtt til þess að bera hönd fyrir höfuð sér og verja fjölskyldur sínar. Í samræmi við þessar óskir hefur um helmingi framlaga Íslands verið varið í stuðning við varnir Úkraínu, allt frá sprengjuleit til hergagnaframleiðslu, og hinum helmingnum í efnahagslegan stuðning og mannúðarstarf. Þessum stuðningi verður haldið áfram og óskir Úkraínu og þarfir hafðar að leiðarljósi.

Sú sérkennilega söguskýring heyrir stundum að Evrópuríkin geti sjálfum sér um kennt vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi því ekki hafi verið hlúð að tengslum við Rússland eftir lok kalda stríðsins. Þannig er gefið í skyn að Rússland sé fórnarlamb þeirra alvarlegu aðstæðna sem nú eru á alþjóðavettvangi en Pútín hefur þó sjálfur skapað. Skýringar af þessum toga eru ekki aðeins villandi, heldur beinlínis rangar og hættulegar. Hið rétta er að Vesturlönd lögðu sig fram um það að byggja upp öryggissamstarf við Rússland eftir hrun Sovétríkjanna þar sem gagnkvæmir hagsmunir voru hafðir að leiðarljósi. Til dæmis var sérstakur samstarfssáttmáli undirritaður milli Atlantshafsbandalagsins og Rússlands árið 1997 og ári síðar opnaði Rússland sendiskrifstofu í höfuðstöðvum bandalagsins í Brussel. Upplýsingaskrifstofa á vegum bandalagsins var opnuð í Moskvu 2001 og í framhaldi af því sendiskrifstofa fyrir hernaðarleg málefni. Þá var NATO-Rússlandsráðið stofnað árið 2002 sem vettvangur fyrir samráð og samstarf á jafningjagrunni. Ísland átti sögulega aðkomu að því máli þar sem ákvörðun um stofnun ráðsins var tekin í Reykjavík í maí

2002, á utanríkisráðherrafundi bandalagsríkja og Rússlands, með þátttöku þáverandi utanríkisráðherra Rússa.

Það er vissulega rétt að bandalagsríkjum Atlantshafsbandalagsins hefur fjölgað og rússnesk stjórnvöld hafa andmælt þeirri þróun. Það skal hins vegar áréttað að þau ríki sem sótt hafa um aðild að bandalaginu, síðast Finnland og Svíþjóð, gerðu það að eigin frumkvæði, ekki til að valda Rússlandi skaða, heldur til að tryggja frið vitandi að nágranninn í austri er ófyrirsjáanlegur. Samkvæmt alþjóðlegum yfirlýsingum og skuldbindingum, sem Rússland hefur einnig undirgengist, er það fullveldisréttur hvers ríkis að ákveða aðild að alþjóðasamstarfi á grundvelli eigin hagsmuna. Rússland á ekki að hafa neitunarvald í þeim efnum, ekki varðandi Úkraínu frekar en Finnland eða Svíþjóð. Rússland verður að una þeim ríkjum sem þess óska að taka þátt í vestrænni samvinnu sem veitir þeim öryggi og skjól, eigin samfélögum til hagsbóta.

Von okkar er að það náist réttlátur friður sem fyrst, sem tryggir frelsi og öryggi Úkraínu. Þess vegna styður Ísland heilshugar við umleitanir um vopnahlé og frið, varanlegan og réttlátan frið. Til að friðurinn haldi þarf að styrkja varnir Úkraínu og tryggja metnaðarfullan stuðning lýðræðisríkja við varnir og velsæld Úkraínu til að aftra Rússlandi frá því að sækja aftur fram. Þá er nauðsynlegt að hvers konar friðarsamkomulag virði sjálfstæði og fullveldi Úkraínu. Rússar hafa hingað til engan friðarvilja sýnt heldur þvert á móti svarað umleitunum um vopnahlé með árásum á saklausa borgara. Þeir hafa ekki viljað slaka á sínum ítrustu og fráleitu kröfum um að landið verði til framtíðar hlutlaust ríki með svo veikburða herafli að það geti ekki tryggt öryggi sitt. Þannig krefjast Rússar þess að Úkraína afsali sér réttinum til að bindast öðrum ríkjum bandalagi í varnarmálum. Enn heyrir sú orðræða að Úkraína verði „afnasistavædd“ og koma verði stjórnvöldum sem eru hliðholl Rússlandi til valda í Kænugarði. Þá er full innlimun austurhéraðanna Donetsk, Kherson, Luhansk og Zaporizhzhia eftir sem áður eitt af markmiðum Rússa.

Við getum aðeins unnið að friði í Úkraínu og öryggi í Evrópu allri með því að standa staðföst með Úkraínu og vinna með bandalagsríkjum okkar í Atlantshafsbandalaginu. Þá má spyrja, hversu lengi gerum við það? Svarið er, við gerum það eins lengi og þörf krefur.

Endurmat á öryggis- og varnarmálum.

Grimmdarleg árás Rússlands inn í Úkraínu hefur í grundvallaratriðum breytt mati ríkja Atlantshafsbandalagsins á alvarleika þeirra ógna sem steðja að öryggi og lýðræði í aðildarríkjunum. Rússland er núna stríðshagkerfi þar sem allt efnahagslífið snýst um að knýja áfram stríðsvélina og vopnaverksmiðjur starfa 24 stundir á dag, sjö daga vikunnar. Einnig leikur enginn vafi á stuðningi Norður-Kóreu, Írans og Kína við stríðshagkerfi Rússlands. Þær ógnir sem vestræn lýðræðisríki standa frammi fyrir takmarkast ekki við hefðbundinn hernað heldur fela þær einnig í sér tölvuárásir, skemmdir á innviðum eins og sæstrengjum og margskonar undirróðursstarfsemi þar sem reynt er að skapa upplýsingaóreiðu og vega að lýðræði og upplýstri umræðu.

Þessir atburðir kalla á endurmat og við höfum séð áhrif þess allt í kringum okkur. Skömmu eftir árás Rússlands inn í Úkraínu efndu Danir til þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem kjósendur samþykktu með yfirnæfandi meirihluta atkvæða að draga til baka undanþágu Dana við þátttöku í öryggis- og varnarsamstarfi Evrópusambandsins (ESB). Svíar sem höfðu staðið utan varnarbandalaga allt frá lokum Napóleónsstríðanna hurfu frá þeirri stefnu og gerðust aðildarríki Atlantshafsbandalagsins. Finnar fóru einnig frá rótgróinni stefnu í varnarmálum og gengu í Atlantshafsbandalagið. Evrópusambandið hefur stigið upp bæði í stefnumótun, aðgerðum og framlögum sem styðja við starf Atlantshafsbandalagsins. Framlög aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins til öryggis- og varnarmála hafa hartnær tvöfaldast undanfarinn áratug og áform eru um mikil viðbótarframlög.

Á Íslandi þarf einnig að eiga sér stað endurmat. Við þurfum opinskáa umræðu, við þurfum stefnumótun og við þurfum að fjárfesta í öryggi landsins. Umræða um öryggis- og varnarmál má ekki og er ekki til að skapa ótta eða óöryggi. Við eigum ekki að vera hrædd. Við eigum hins vegar að vera tilbúin fyrir þær ógnir sem mæta okkur og við eigum að treysta varnir okkar í samstarfi við bandalagsþjóðir sem hafa sömu gildi og við um lýðræði, mannréttindi og frjálst samfélag.

Þess vegna skipaði ráðherra samráðshóp með fulltrúum allra flokka sem sitja á þingi til að rýna öryggis- og varnarstefnu fyrir Ísland. Þeir hafa allir brugðist hratt við og unnið af kappi að þessari nauðsynlegu

stefnumótun. Þétt samstarf dómsmálaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins hefur enn fremur auðveldað þessa vinnu og þær aðgerðir sem ráðist er í til að verja öryggi Íslendinga. Vonir standa til að vinna hópsins verði grundvöllur umræðu á þinginu fyrir þingslok og stefnu í öryggis- og varnarmálum.

Utanríkisráðuneytið hefur ekki aðeins skipað samráðshóp fyrir stefnumótun heldur einnig ráðist í aðgerðir, í nánú samstarfi við dómsmálaráðuneytið, Landhelgisgæsluna og Ríkislögreglustjóra. Þessar aðgerðir hafa meðal annars það markmið að vernda mikilvæga innviði og auka skilvirkni bæði í greiningu og viðbrögðum við ógnum. Nýlega færðist starfsemi CERT-IS, netöryggissveitar Íslands, inn í utanríkisráðuneytið, einmitt til þess að auka samstarf þeirra sem gæta að öryggi í samskiptum og kerfum á Íslandi og styrkja varnir. Á síðasta ári tvöfölduðust árásir á tölvu- og upplýsingakerfi á Íslandi en varnir okkar hafa aldrei verið sterkari. Á sama tíma fer fram vinna til að styrkja áfallþol Íslands til að forðast, draga úr og komast yfir áföll sem við kunnum að verða fyrir.

Undanfarið hefur átt sér stað opinber umræða um íslenskan her. Alls engin áform eru um íslenskan her en umræðan er skiljanleg, því við þurfum að auka fælingarmátt Íslands þannig að það verði erfiðara og dýrara fyrir þau sem vilja valda okkur skaða að gera það. Það er algerlega skýrt og óumdeilt að varnir Íslands, öryggi og fullveldi verður einungis tryggt með virku alþjóðasamstarfi og samningum við önnur ríki og innan alþjóðastofnana. Þar eru aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningurinn við Bandaríkin grunnstoðir en svæðisbundið varnarsamstarf skipar einnig mikilvægan og vaxandi sess, einkum norrænt varnarsamstarf (NORDEF) og samstarf í Sameiginlegu viðbragðssveitinni (JEF) þar sem Bretar eru í leiðtogahlutverki. Þá er unnið að því að efla samstarf við Evrópusambandið og helstu grannríki um öryggispolítísk og varnartengd málefni og styrkja samstarf norðurskautsríkjanna sjö, augljóslega án aðkomu Rússlands, um öryggismál á norðurslóðum. Allt þetta styður við varnarsamninginn við Bandaríkin og aðildina að Atlantshafsbandalaginu, sem verða áfram hornsteinar varna Íslands.

Varnir okkar byggjast á því að vera verðugur bandamaður ríkja Atlantshafsbandalagsins, meðal annars með því að leggja til nauðsynlega innviði, aðstoð og stuðning við erlendan liðsafla sem gætir öryggis Íslands og bandalagsþjóða okkar. Atlantshafsbandalagið leggur til aðgerðir sem Ísland getur ráðist í til að vera sterkur og verðugur bandamaður og Ísland hefur kappkostað að framkvæma. Margt af því sem við höfum gert og getum gert í framtíðinni nýtist einnig fyrir allan almenning, til dæmis í samgöngum og í auknu fjarskiptaöryggi.

Öflug hagsmunagæsla í viðskiptamálum.

Undanfarið hefur borið á vaxandi einangrunar- og verndarhyggju í alþjóðaviðskiptum. Til viðbótar við tollastríð er óstöðugleiki og óvissa í alþjóðasamskiptum sem hefur áhrif á viðskipti. Það er mikilvægt að hafa í huga að tollastríð og vantraust í samskiptum stórveldanna haldast í hendur. Aukin verndarhyggja er ekki aðeins drifin áfram af efnahagslegum hvötum heldur orsakast hún einnig af togstreitu stórvelda, sem beita fyrir sér öryggissjónarmiðum þegar þau setja á viðskiptahömlur. Þess vegna sjáum við hvort tveggja í senn takmarkanir á innflutningi og á útflutningi. Þannig er lítið á hátækniþúnað og auðlindir á borð við sjaldgæfa málma sem grundvallar bjargir ríkja með tilliti til öryggis.

Tilhneiging til að tengja saman öryggismál og alþjóðaviðskipti er ekki ný af nálinni. Við sjáum til að mynda vel í kjölfar COVID-19 faraldursins að stórveldin vilja tryggja að þau geti framleitt mikilvægar vörur innanlands í stað þess að vera háð alþjóðlegum birgjum eða ríkjum sem ekki eru ekki talin til vana- eða bandalagsríkja. Innrás Rússlands í Úkraínu ýtti enn frekar undir þessi viðhorf.

Háir tollar og örar breytingar á framkvæmd viðskiptastefnu nýrra valdhafa í Bandaríkjunum hefur á undanförunum vikum valdið talsverðri óvissu. Ísland hefur til þessa sloppið hlutfallslega vel. Sumir hafa bent á að þessar aðgerðir geti jafnvel skapað forskot fyrir Ísland. Sú hugsun og Þórðargleði er mjög varasöm og aðstæður geta breyst fljótt. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að Ísland verður fyrir margskonar áhrifum af tollastríði, meðal annars þar sem hagvöxtur dregst saman í viðskiptaríkjum okkar og eftirspurn eftir vörum og þjónustu minnkar, þar með talið ferðaþjónustu.

Í stað þess að auka viðskiptahömlur ættum við að draga úr þeim. Tollar koma harðast niður á neytendum og fyrirtækjum þeirra ríkja sem setja tollinn á. Það er einfaldlega ekkert á þeim að græða.

Ísland er opið og útflutningsmiðað hagkerfi. Við höfum í áratugi unnið að því að byggja upp öflugt net fríverslunarsamninga í samstarfi við vini okkar í EFTA; Sviss, Noreg og Liechtenstein. Þessir samningar lækka ekki aðeins tolla heldur skapa stöðug, reglumiðuð og fyrirsjáanleg viðskiptaskilyrði fyrir okkar atvinnulíf. Íslenskir útflytjendur nutu að minnsta kosti 33 milljarða króna ávinnings af tollfríðindum á síðasta ári á grundvelli EES-samningsins og annarra fríverslunarsamninga sem gerðir hafa verið á grunni aðildar Íslands að EFTA, eins og fram kemur í nýrri úttekt utanríkisráðuneytisins, Skattsins og EFTA skrifstofunnar.

Á meðan stórveldin takast á í tollastríði vinnum við áfram hörðum höndum við að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs með gerð viðskiptasamninga í samstarfi við önnur EFTA-ríki. Vonast er til að fríverslunarsamningur við Indland, sem var nýlega kláraður eftir langar samningaviðræður, taki gildi síðar á þessu ári, nýverið var undirritaður fríverslunarsamningur við Taíland og við Kósovó, sem og uppfærður samningur við Úkraínu. Samningaviðræðum við Malasíu lauk í apríl og vonir standa til að viðræðum við Mercosur-ríkin, það er Argentínu, Brasilíu, Úrugvæ og Paragvæ, ljúki á þessu ári. Allir þessir samningar styðja vel við útflutningsstefnu Íslands, ryðja úr vegi hindrunum og fjölga tækifærum.

Á síðasta ári fögnuðum við 30 ára afmæli EES-samningsins. Það er erfitt að ofmeta þau gríðarlegu og jákvæðu áhrif sem samningurinn hefur haft á íslenskt samfélag og íslenskt viðskiptalíf. Samvinnan við Evrópusambandið og EES-EFTA ríkin Noreg og Liechtenstein er áfram framúrskarandi góð. Langstærstur hluti viðskipta Íslands er við Evrópu og fer fram á grunni EES-samningsins. Auk þess hefur pólitískt samstarf í tengslum við samninginn aukist á síðustu árum. Það er auðvelt að færa fyrir því rök að samningurinn hafi aldrei verið mikilægari en nú á tímum ólgu í alþjóðaviðskiptum og alþjóðamálum þar sem hann eykur hagvarnir og efnahagslegt öryggi Íslands.

Það er sérstaklega mikilvægt að fulltrúar Íslands noti hvert tækifæri til að ítreka mikilvægi frjálsra viðskipta, sérstaklega núna á tímum vaxandi verndarstefnu og óvissu í alþjóðaviðskiptakerfinu. Á sama tíma þurfa stjórnvöld og atvinnulíf að vinna þétt saman. Utanríkisþjónustan hefur verið vakin og sofin yfir verkefninu og notið stöðugs og góðs samstarfs og samráðs við íslensk fyrirtæki og samtök fyrirtækja.

Á grunni þessa góða samstarfs og með hliðsjón af reynslu okkar nánustu samstarfsríkja hefur utanríkisráðherra einnig lagt áherslu á að skoða frekari tækifæri til samstarfs og samráðs við Evrópusambandið. Hagsmunir Íslands liggja í náinni samvinnu við Evrópusambandið og aðildarríki þess. Þar eru miklar breytingar í farvatninu og valið sem þjóðin stendur frammi fyrir er hvort að við viljum vera virkir þátttakendur í mótun Evrópu til framtíðar.

Þróunarmál á tímum átaka og niðurskurðar.

Í ár verða liðin 80 ár frá því að Sameinuðu þjóðirnar voru settar á stofn til að standa vörð um grundvallarreglur um frið og alþjóðlega samvinnu og þau gildi sem liggja þeim til grundvallar, lýðræði, frelsi og mannréttindi. Þeim sem stóðu að stofnun þeirra var í mun að hörmungar heimstyrjaldanna myndu aldrei endurtaka sig. Stofnanakerfi Sameinuðu þjóðanna stendur þó sannarlega á tímamótum vegna samdráttar í kerfinu og þverrandi virðingar fyrir þeim reglum og gildum sem þær eiga að verja.

Fyrir ríki eins og Ísland sem eiga allt sitt undir því að alþjóðalög séu virt og að hlúð sé að grunngildunum í alþjóðlegu samstarfi er nauðsynlegt að taka virkan þátt í þeim umbótum sem þurfa að eiga sér stað, eigi kerfið að halda. Íslensk stjórnvöld hafa lengi talað fyrir endurbótum og aukinni skilvirkni og lagt okkar af mörkum, t.d. hvað varðar mannréttindakerfið þar sem tókst á sínum tíma að spara, fjárfesta betur og auka skilvirkni kerfisins um nær þriðjung. Meira þarf til og til að bregðast við stöðunni í dag þarf að grípa til stærri aðgerða en við höfum sýnt að það er hægt að spara og fjárfesta betur.

Sameinuðu þjóðirnar eru e.t.v. eins og lýðræðið – ekki fullkomnar en það skásta sem völ er á. Margt af þeirra störfum kemst sjaldan í fréttir en þurfi þær frá að hverfa leggst allt á hliðina. Mörg ríki hafa dregið verulega úr framlögum til þróunar- og mannúðaraðstoðar undanfarnar vikur og mánuði. Miklu munar um niðurskurð stjórnvalda í Bandaríkjunum en mörg önnur ríki hafa einnig dregið úr stuðningi sínum meðal annars með þeim rökum að það sé nauðsynlegt til að auka framlög til öryggis- og varnarmála. Afleiðingar niðurskurðar hafa alvarleg áhrif á heilbrigðismál í fátækustu ríkjunum, mæðravernd og bólusetningar dragast saman. Fólk deyr úr hungri og kvillum sem auðvelt er að takast á við undir eðlilegum kringumstæðum.

Staðreyndin er sú að þörfin fyrir samstöðu og stuðning við fátækustu ríki heims hefur sjaldan eða aldrei verið brýnni. Stríð og óstöðugleiki færa milljónir á flótta. Þar vegur innrásarstríð Rússlands í Úkraínu þungt, ekki aðeins með hörmungum innan landamæra Evrópu, heldur einnig með áhrifum sem skella á ríkjum langt í burtu, ekki síst í Afríku sunnan Sahara. Áhrif heimsfaraldursins sitja enn í efnahag fátækra ríkja og skuldabyrði kæfir möguleika til þróunar. Viða er meira greitt í vexti en í menntun eða heilbrigði og sum ríki greiða meira í skuldir en í menntun og heilbrigði samanlagt. Gífurleg þörf er fyrir atvinnusköpun í flestum ríkjum Afríku, þar sem milljónir ungmenna koma á vinnumarkað á næstu árum. Jafnframt er nauðsynlegt að minnka skuldabyrði fátækustu ríkjanna og efla innlenda tekjuöflun sem hvort tveggja stuðlar að efnahagslegri sjálfbærni þróunarríkjanna. Þar gegna aðilar atvinnulífs lykilhlutverki.

Samdráttur í þróunaraðstoð leiðir einnig til bakslags í jafnréttismálum, réttindum hinsegin fólks og mannréttindum almennt og dregur úr mætti alþjóðastofnana til að vinna með aðildarríkjum að sameiginlegum markmiðum um velsæld og frið. Rödd Íslands fyrir mannréttindum og mannhelgi er skýr. Á komandi ári munum vinna ótrauð að framkvæmd stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024-2028, sem samþykkt var einróma af Alþingi. Stefnan á enn mjög vel við þrátt fyrir miklar sviptingar á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu. Hún er markviss og rammar inn þau málefni og grunngildi sem íslensk stjórnvöld og íslenskt samfélag telja mikilvægt að vinna að.

Við skulum ekki gleyma vegferð Íslands frá því að vera eitt fátækasta ríki Evrópu, þróunarrikis sem þáði aðstoð alþjóðasamfélagsins, til þess að verða eitt auðugasta lýðræðisríki heims. Við viljum, getum og eigum að styðja við þau sem standa höllustum fæti og minnast þess að velferð þeirra eykur öryggi og velferð okkar enn frekar. Framlag Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu er liður í að byggja brýr og skapa sátt um alþjóðakerfið sem við byggjum okkar samfélag og hagsæld á.

Málefni hafsins.

Nýverið var forræði yfir alþjóðlegum samningum um fiskveiðar fært til utanríkisráðuneytisins með forsetaúrskurði. Viðræður hafa staðið yfir lengi um þrjá stofna á meðal strandríkja og veiðiríkja, það er um makríl, síld og kolmunna. Enginn samningur hefur verið í gildi um þessa þrjá stofna í fjölda ára og ber staða sérstaklega síldar og makrílstofnsins þess greinilega merki. Við Íslendingar leggjum stolt okkar við að hafa ábyrga fiskveiðistjórnun og góð samskipti við nágrannaríki okkar. Það er þess vegna rík þörf á að ná samningum sem tryggja ábyrgar veiðar og réttláta skiptingu veiðiheimilda sem fyrst. Eins og oft er þegar tekist er á um hver fær hve mikið, hvenær og með hvaða skilyrðum úr takmörkum sjóði, þá er ólíklegt að samkomulag náist þar sem öll eru ánægð.

Ísland á nú fulltrúa í stjórn matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem er lykilstofnun í málefnum hafsins. Sérstök stefna hefur verið samþykkt um áherslur Íslands í stjórn stofnunarinnar, þar sem áhersla er á málefni hafsins, mannréttindi, jafnréttismál, græna orku og réttlát orkuskipti, og umhverfismál. Ísland hefur einnig lagt áherslu á afnámi ríkisstyrkja í sjávarútvegi á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og fastafulltrúi okkar í Genf hefur leitt þær viðræður.

Þetta er dregið fram sérstaklega vegna þess að Ísland á gríðarlega mikið undir vernd hafsins og þeirra auðlinda sem þar eru. Ísland nýtur alþjóðlegrar virðingar í málefnum hafsins. Við getum og eigum að eiga forystu á alþjóðlegum vettvangi um ábyrga nýtingu á auðlindum og um vernd hafsins. Það er full þörf á. Nægir í því samhengi að nefna að áætlað magn plasts í úthöfunum er allt að 200 milljónir tonna og eykst á degi hverjum.

Síðastliðinn mars bárust niðurstöður landgrunnarnefndar Sameinuðu þjóðanna um landgrunn Íslands á Reykjanes hrygg. Landgrunnssvæðið sem var samþykkt af nefndinni er töluvert víðfeðmt og nær rúmar 570 sjómílar frá grunnlínum. Um er að ræða mikinn sigur í ferli sem staðið hefur yfir í tvo og hálfan áratug, en niðurstaðan endurspeglar vel mikilvægi langtíma hagsmunagæslu þegar kemur að fullveldisréttindum Íslands yfir auðlindum sínum og hafsvæðum.

Sótt að mannréttindum.

Sótt er að mannréttindum víðs vegar um heim og bakslag hefur meðal annars orðið í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna. Í þessu samhengi er miður að nokkur lönd hafa kosið að hætta virkri þátttöku í störfum

mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna í Genf. Ísland fetar annan slóða og það verður eitt af lykilverkefnum utanríkisþjónustunnar að taka þátt í að standa vörð um árangur sem náðst hefur á sviði mannréttinda. Ísland tók sæti sem eitt 47 kjörinna aðildarríkja mannréttindaráðsins um áramótin og verða málefni barna, kynjajafnrétti og réttindi hinsegin fólks sett í forgrunn, sem og tengsl umhverfismála og mannréttinda. Markmið Íslands með setu í mannréttindaráðinu er að standa vörð um og efla samstöðu um mannréttindi á heimsvísu og það er ljóst að verkefnið er áskorun, við þær aðstæður sem nú eru uppi, og að í mörg horn verður að líta á þriggja ára kjörtímabilinu sem framundan er.

Fá einstök mannréttindamál eru eins aðkallandi og það að ná fram vopnahléi í Palestínu og tryggja virðingu fyrir grundvallarréttindum Palestínumanna en ástandið á Gaza er með þeim hætti að ekki verður við unað. Ásakanir um margföld brot á alþjóðalögum hafa komið fram og margt sem bendir til að þær eigi við rök að styðjast.

Ísland hefur á skömmum tíma nýrrar ríkisstjórnar við völd reynt að marka nýja stefnu sem byggir á því að kalla Ísrael til ábyrgðar fyrir þau brot á alþjóðalögum, sem fram eru á Gaza og á Vesturbakkanum. Hefur það m.a. verið gert með því að Ísland sendi í fyrsta skipti eitt síns liðs greinargerð til Alþjóðadómstólsins í Haag vegna ráðgefandi álitsmáls sem rétturinn hefur nú til meðferðar um skyldur Ísraels sem hernámsaðila að mannúðarrétti. Er í greinargerð þessari áréttuð sú afstaða Íslands að Ísrael beri að tryggja að þær stofnanir sem Sameinuðu þjóðirnar hafa falið sérstök hlutverk gagnvart íbúum á hernumdum svæðum Palestínu geti sinnt hlutverki sínu, þar á meðal Palestínuflóttamannaaðstoð Sameinuðu þjóðanna (UNRWA).

Ísland hefur einnig gerst virkur þátttakandi í starfi bandalags ríkja sem efnt var til á síðasta ári sem miðar að því að þrýsta markviss á um að tveggja ríkja lausnin svonefnda komist á; þ.e. að til verði sjálfstætt ríki Palestínu við hlið Ísraels, þar sem bæði þjóðir geta búið við frið og velsæld. Framundan er einnig sérstök leiðtogaráðstefna á vegum Sameinuðu þjóðanna í New York í júní um sama mál og mun rödd Íslands heyrast þar í umræðum bæði hátt og snjallt, eins og við hver þau tilefni önnur sem gefast til að koma afstöðu Íslands á framfæri.

Við þær aðstæður sem nú ríkja á Gaza, þar sem almenningur býr við meiri neyð en áður hefur þekkst og tugþúsundir manns hafa týnt lífi, skiptir einnig miklu máli að láta fé af hendi rakna til neyðaraðstoðar. Þar mun Ísland ekki skorast undan.

Niðurlag.

Í óvissu leitum við til fjölskyldu okkar og vina. Það sama á við um samfélög. Þess vegna drögum við okkur ekki í skel heldur styrkjum enn frekar samstarf við okkar bandalagsríki beggja vegna Atlantshafsins og vinnum náð með nágrannalöndum okkar, sem deila sömu gildum og við um lýðræði, frelsi og mannréttindi. Ísland þarf að vera verðugur bandamaður annarra lýðræðisríkja. Virkt alþjóðlegt samstarf hefur sjaldan eða aldrei verið mikilvægara.

Í þeim aðstæðum sem við sjáum í alþjóðakerfinu veltum fyrir okkur hvernig við getum sem best tryggt stöðu í samfélagi þjóðanna. Um þær ákvarðanir þarf virkt samtal og samstarf í stjórnámálum og samfélaginu öllu. Þar mun það líklega gagnast okkur vel að horfa til þeirra gilda sem við byggjum samfélagið á og hafa reynst okkur best. Með skýrri sýn á mikilvægi lýðræðis, frelsis, jafnréttis, mannhelgi og mannréttinda og með samstöðu getum við tekið markviss skref bæði til að styrkja stöðu okkar í samfélagi þjóðanna og til þess að leggja góðu lið.

Fylgiskjal.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál 2024.

https://www.althingi.is/alttext/pdf/156/fylgiskjol/s0465-f_I.pdf